

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Bessastaðahrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 26,45.

Par til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a) fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ "	Kr. 136,10
b) fyrir mæla 1" og stærri	303,50

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 194,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp-hæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga. Á vanskil reiknast lögleyfðir dráttarvextir.

7. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss m³

(utanmál)

Heimæðargjald

Allt að 600 kr. 63 500,00

600—2 000 kr. 63 500,00 fyrir 600 m³ + 43,40 kr/m³ þar yfir

Meira en 2 000 kr. 124 500,00 fyrir 2 000 m³ + 37,50 kr/m³ þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 5 000,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 290,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1985 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 340, 23. júlí 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 14. desember 1984.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.